

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Skaftárhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins hverju sinni.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist árlega til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Grunnur er vísitala í nóvember 2004, 229,8 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Skaftárhrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. mars 2005.

F. h. r.
Niels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.